

026/01 - Fjóla BA 150

Fjóla BA 150, skipverji slasast þegar ólag kemur á bátinn

Fjóla BA 150

Skipaskr.nr.: 1192

Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1971 Eik

Stærð: 27,90 brl; 26,00 bt

Lengd: 17,03 m **Breidd:** 4,50 m **Dýpt:** 1,94 m

Vél: Gardner 127,00 kW **Árgerð:** 1971

Annað:

Földi skipverja: 4



Atvikalýsing

Þann 7. janúar 2001 var Fjóla BA 150 á línuveiðum um 10 sml. SV af Bjargtöngum. Veður: 14-17m/sek og slæmt sjólag.

Þegar verið var að leggja línuna kom ólag á bátinn og hann lagðist mikið og snögg í stjórnborða með þeim afleiðingum að skipverji sem var við vinnu á dekkinu tókst á loft og kastaðist í dekkið. Við höggið rifnaði vefur í hné og sár opnaðist, sem búið var um.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í málinu.